

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (skilyrtir framleiðslustyrkir o.fl.).

Frá menningar- og viðskiptaráðherra.

1. gr.

Á eftir orðinu kvikmyndamenningu í 1. mgr. 1. gr. kemur: og stuðla að varðveislu kvikmyndaarfs.

2. gr.

Á eftir orðinu kvikmyndamenningu í 3. tölulið 3. gr. kemur: og fræðslu.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Framleiðslustyrki til kvikmyndagerðar skal veita með skilyrði um endurgreiðslu hluta af tekjum kvikmyndar. Endurgreiðslur hefjast þegar tekjur verkefnisins á heimsvísu hafa náð hagnaðarmörkum sem tilgreind eru í reglum um endurgreiðslur sem Kvikmyndamiðstöð Íslands setur og hljóta staðfestingu ráðherra.

Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Endurgreiðslur sem innheimtar verða skulu renna til Kvikmyndasjóðs. Í stað „5. mgr.“ í 6. mgr. 6. gr. laganna kemur: 7. mgr.

4.gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. kemur ný málsgrein svohljóðandi: Heimilt er að endurskipa forstöðumann einu sinni til fimm ára.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að taka gjald fyrir eftirtalda þætti þjónustunnar: Útlán á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, afritun, skönnun og stafvæðingu hliðræns efnis, sérfræðilega heimildarþjónustu og launa- og efniskostnað vegna þessara þátta. Jafnframt er safninu heimilað að taka gjald fyrir sýningu, annan flutning og rétt til eintakagerðar í samræmi við ákvæði höfundalaga nr. 73/1972. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki ráðherra.

6. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og um starfsemi Kvikmyndasjóðs, þar á meðal um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr sjóðnum.

Kvikmyndamiðstöð Íslands setur reglur um skilmála og endurgreiðslur skv. 4. mgr. 6. gr., sem ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta kveður á um breytingar á kvikmyndalögum, nr. 137/2001, með síðari breytingum, og var samið í mennta- og menningarmálaráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti. Frumvarpið byggist að meginhluta á kvikmyndastefnu til ársins 2030 sem var kynnt 6. október 2020 á heimasíðu Stjórnarráðsins.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarp þetta á rætur að rekja til nýrrar stefnu stjórnvalda í málefnum kvikmyndagerðar sem kynnt var á haustdögum 2020. Verkefnahópi sem skipaður var fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og haghafa sem var falið að gera tillögur um heildstæða stefnu ásamt aðgerðaáætlun um kvikmyndamál. Stefnan skyldi ná yfir kvikmyndamenningu, kvikmyndamenntun, þróun og framleiðslu kvikmyndaefnis og alþjóðlega kynningu. Þá var hópnum ætlað að athuga stofnana- og stuðningskerfi kvikmyndagerðar með tilliti til einföldunar og eflingar.

Tilefni lagasetningarinnar er einkum að styðja við framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþátaraða með vísan til aðgerða í kvikmyndastefnu. Um er að ræða útfærslu á aðgerð 1 b undir „Markmiði I“. Aðgerðin ber nafnið „Nýr fjárfestingarsjóður sjónvarpsefnis“. Þar er gert ráð fyrir að hluti tekna af sölu og sýningum renni til baka til Kvikmyndasjóðs og með þeim hætti efla sjóðinn og auka tækifæri til framleiðslu nýs sjónvarpsefnis.

Í kvikmyndalögum er ekki gert ráð fyrir að styrkir séu veittir með skilyrði um endurgreiðslu hluta tekna skv. nánari reglum þar að lútandi. Í frumvarpinu er því lögð til sú breyting að Kvikmyndasjóður veiti styrki með sambærilegum skilmálum og Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn enda fyrirmynd þessa fyrirkomulags sótt þangað.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni þessa frumvarps er að kveða skýrt á um að Kvikmyndamiðstöð Íslands veiti styrki til framleiðslu kvikmynda með skilyrði um endurgreiðslu á hluta af tekjum á heimsvísu af verkefninu.

Í 1. gr. kvikmyndalaga er fjallað um að markmið laganna sé að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi. Í 2. mgr. 1. gr. laganna segir að kvikmynd merki hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt. Í 6. gr. laganna er fjallað um hlutverk Kvikmyndasjóðs. Hlutverk sjóðsins er að efla íslenska kvikmyndagerð og gerð kvikmynda sem hafa íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun, nema sérstök menningarleg rök leiði til annars, með fjárstuðningi. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu um skilyrtar styrkveitingar falla því að hlutverki sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur komi einkum til framkvæmda vegna tekna af sýningum á leiknu sjónvarpsefni í mörgum þáttum. Tillagan gerir ráð fyrir að Kvikmyndamiðstöð setji

reglur um endurgreiðslur að fengnu samþykki og staðfestingu ráðuneytisins. Miðað er við að reglurnar taki mið af reglum Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins um endurgreiðsluhlutfall, hvenær hagnaðarmörkum er náð og fleira. Gert er ráð fyrir að úrvinnsla umsókna og ákvarðanir um veitingu skilyrtra styrkja byggist á sömu forsendum og aðrar styrkveitingar úr Kvikmyndasjóði.

Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um varðveislu kvikmyndaarfs á Íslandi, kvikmyndafræðslu, hámarksskipunartíma forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands og gjaldskrárheimild safnsins. Einnig er lagt til að ákvæði um meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar falli brott.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ekki er þörf á að tilkynna frumvarpið til ESA því íslensk stjórnvöld telja aðstoðarkerfi Kvikmyndasjóðs vera „yfirstandandi aðstoð“ sem er aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku EES-samningsins í viðkomandi EFTA-ríki og er enn veitt. Í því sambandi skiptir máli að Kvikmyndasjóðurinn var stofnaður árið 1978, fyrir gildistöku EES-samningsins, og hefur starfsemi hans verið í óbreyttri mynd í áratugi. Slíkri aðstoð er ríkjum heimilt að viðhalda en hún er engu síður háð eftirliti ESA um samræmi við EES-samninginn.

5. Samráð.

Meginefni frumvarpsins er um breytingar á stuðningskerfi kvikmyndagerðar. Við gerð frumvarpsins var því haft samráð við Kvikmyndamiðstöð Íslands og kvikmyndaráð. Þar sem aðkoma helstu hagsmunaaðila kvikmyndagerðar var tryggð við gerð kvikmyndastefnu má ætla að almenn sátt ríki um tilurð þeirrar styrkjaleiðar sem lögð er til í frumvarpinu. Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við fjármála- og efnahagsráðuneyti vegna tilkynningarskyldu til ESA.

6. Mat á áhrifum.

Fjárveitingar til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasjóðs eru veittar í fjárlögum ár hvert. Í fjármálaáætlun 2021-2025 er bent á að í kvikmyndastefnunni felist tækifæri og vaxtarsprotar í kvikmyndagerð sem atvinnugrein. Kvikmyndir styðja að auki við stöðu íslenskrar tungu og koma Íslandi á framfæri erlendis. Í fjármálaáætlun 2021-2025 er markmiðið að skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í listum og menningu. Þar er lögð áhersla á að endurskoða og einfalda umgjörð stuðnings við menningu og listir og styrkja faglega launa- og verkefnasjóði listamanna. Markmið frumvarpsins tengist því markmiði í fjármálaáætlun 2021-2025. Í fjárlögum 2021 og 2022 voru tryggðar 212 m.kr. í styrki til leikinna sjónvarpsþáttaraða auk 200 m.kr. sem áður höfðu verið ætlaðar til leikinna sjónvarpsþáttaraða samkvæmt eldra fyrirkomulagi styrkveitinga. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum þarf að gera breytingar á reglugerð um kvikmyndasjóð nr. 229/2003, með síðari breytingum, sem fela í sér að Kvikmyndamiðstöð setur reglur um endurgreiðslur að fengnu samþykki og staðfestingu ráðherra, meðal annars um nánari útfærslu á ákvæðum um skilyrta styrki til kvikmyndagerðar.

Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfé Kvikmyndasjóðs geti aukist þegar endurgreiðslur koma til framkvæmda og heildarfjárhæð styrkveitinga hækki að sama marki og stuðli þannig að því markmiði að efla kvikmyndagerð hér á landi.

Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins hafi í för með sér breytingar á fjárveitingum úr ríkissjóði til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasjóðs.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í kvikmyndalögum eru ákvæði um starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasafns Íslands. Lagt er til að því sé bætt við 1. mgr. 1. gr. laganna að markmið þeirra sé einnig að stuðla að varðveislu kvikmyndaarfs á Íslandi. Ekki er getið um kvikmyndaarf í lögnum og markmið tillögunnar er að undirstrika mikilvægi varðveislu þess kvikmyndaarfs sem Ísland býr yfir. Í kvikmyndastefnu stjórnvalda er áhersla lögð á varðveislu, miðlun og aukið aðgengi að kvikmyndaarfinum. Kvikmyndir sem hafa náð 50 ára aldri eru flokkaðar sem menningarminjar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og er því óheimilt að flytja þær úr landi nema formlegt leyfi komi til. Í kvikmyndastefnu er Kvikmyndasafni Íslands gert að hlúa að varðveislu og nútímalegri miðlun kvikmyndaarfsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að því verði bætt við upptalningum á verkefnum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands í 3. tölul. 3. gr. laganna að miðstöðin efli kvikmyndafræðslu á Íslandi. Í kvikmyndastefnu er Kvikmyndamiðstöð Íslands ætlað víðtækara hlutverk en áður, meðal annars að sinna kvikmyndauppeldi og mynd- og miðlalæsi. Meðal annars er gert ráð fyrir því að Kvikmyndamiðstöð þrói námsefni fyrir öll skólastig að erlendri fyrirmynd í samstarfi við Menntamálastofnun. Verkefni miðstöðvarinnar sem tilgreind eru í kvikmyndalögum ná ekki utan um þetta hlutverk og því er í frumvarpinu gerð tillaga um að bæta því við.

Um 3. gr.

Lagt er til að á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna komi ný málsgrein þar sem kveðið er á um að Kvikmyndasjóður veiti framleiðslustyrki til kvikmynda með skilyrði um endurgreiðslu hluta af tekjum á heimsvísu af kvikmyndinni. Þá er kveðið á um að endurgreiðslur skuli hefjast þegar tekjur kvikmynda á heimsvísu hafa náð hagnaðarmörkum sem tilgreind eru í reglum um endurgreiðslur sem Kvikmyndamiðstöð Íslands setur og hljóta staðfestingu ráðherra. Miðað er við að ákvæði reglnanna verði í samræmi við reglur Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins enda fyrirmyndin sótt þangað. Þá er kveðið á um að endurgreiðslur sem innheimtar verða skuli renna til sama viðfangsefnis og í því birtist það meginmarkmið að auka ráðstöfunarfé Kvikmyndasjóðs til lengri tíma.

Í gögnum Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins segir meðal annars að sjóðurinn styðji við framleiðslu á norrænum kvikmyndum og sjónvarpsefni með því að taka þátt í lokafjármögnun á framleiðslunni. Sjóðurinn er stofnun sem lýtur norskri löggjöf. Hann starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins og samningi sjóðsins við sjóðsaðila. Aðilar sjóðsins eru til að mynda Norræna ráðherranefndin, norrænir kvikmyndasjóðir/stofnanir og norrænar sjónvarpsstöðvar í almanna- og einkaeigu. Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn tekur þátt í lokafjármögnun leikinna kvikmynda, leikinna sjónvarpsmynda/sjónvarpsþáttaraða og heimildakvikmynda ef skilyrði eru uppfyllt. Sjóðurinn á rétt á hluta af tekjum á heimsvísu af kvikmynd/þáttaröð (tilteknu endurgreiðsluhlutfalli) og hefjast endurgreiðslur þegar tekjur verkefnisins á heimsvísu hafa náð fyrir fram tilgreindum hagnaðarmörkum (e. *Break-Even point*). Kröfur sjóðsins um endurgreiðslur af hálfu framleiðanda ná ekki til tekna sem berast síðar en fimm árum eftir að kvikmynd er frumsýnd í kvikmyndahúsi í heimalandinu. Um leiknar sjónvarpsmyndir/leiknar sjónvarpsþáttaraðir gilda sömu ákvæði í fimm ár frá fyrstu almennri sýningu.

Í reglum Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins eru tekjur á heimsvísu (e. *world wide receipts*) allar brúttótekjur kvikmyndarinnar um allan heim og frá öllum dreifingaraðilum og miðlum. Í reglunum er talið upp það sem ekki reiknast sem tekjur í þessu sambandi, t.d. tryggt lágmark og forsölur sem er hluti af fjármögnun kvikmyndarinnar, miðasölustyrkir o.fl.

Um hagnaðarmörk heimildamynda og leikinna kvikmynda segir í framangreindum reglum að miðað sé við forsamþykkt „eiginfjármögnun framleiðanda plús 35% að auki ásamt fjárfestingu norrænna sjónvarpsfélaga.“ Um hagnaðarmörk leikinna sjónvarpsmynda og leikinna sjónvarpsþáttaraða er miðað við forsamþykkt eiginfjármögnun framleiðanda, það er sem sjóðurinn ákveður. Um hlutfall endurgreiðslu segir í reglum sjóðsins að það skuli vera hundraðshluti sjóðsstyrksins af norrænni fjármögnun að fráðreginni forsamþykkt eiginfjármögnun. Styrkþegi þarf ekki að endurgreiða fyrr en kvikmyndin hefur staðið undir framleiðslukostnaði, þ.e. krafan um endurheimt miðast við skilgreiningu á hreinum tekjum. Fjármögnun framleiðslukostnaðar er því undanskilin innheimtukröfu.

Þegar hagnaðarmörkum hefur verið náð geta verið nokkrir aðilar í greiðsluröð, þ.e. forgangs röðun þeirra aðila sem verkefnið greiðir til. Það kallar á að fyrir liggi skýr endurheimtaráætlun (e. *recoupment schedule*) sem tiltekur rétt og röð aðila. Sjóðir með endurkröfu á styrk/fjárfestingu byggja á þeirri grunnhugmynd að fyrir liggi samþykkt kostnaðar- og fjármögnunaráætlun. Í kostnaðar- og fjármögnunaráætlun er gert ráð fyrir að skýrt sé hvaða tekjur eru í greiðsluskjóli, þ.e. hvaða kostnaður/fjármögnun rennur til greiðslu framleiðslunnar og hvenær greiðslukrafan virkjust. Eigið framlag framleiðenda og/eða aðstandenda framleiðslunnar er því að jafnaði litið á sem framlag sem þarf að greiða áður en búið er að fjármagna samþykktan kostnað, þ.e. kvikmynd hefur náð hagnaðarmörkum. Áhættufjármagn framleiðanda skal vera að fullu greitt áður en kemur til endurgreiðslu til sjóðanna.

Meðal þess sem fellur undir forsamþykkt eiginfjármögnun framleiðanda (e. *In advance approved own financing*) og krefjast samþykkis sjóðsins má nefna handbært fé, ógreidd laun fyrir framlagða vinnu, fjárfestingar meðframleiðenda og dreifingaraðila og fjárfestingar birgðasala. Það sem sjóðurinn viðurkennir ekki að falli undir forsamþykkt eiginfjármögnun framleiðanda er meðal annars fjárfestingar sjónvarps og forsala á dreifingarrétti til norrænna fjölmiðlafyrirtækja/streymisveitna, styrkir úr svæðisbundnum kvikmyndasjóðum og fjármögnun utan Norðurlandanna.

Hér má sjá tvö dæmi endurgreiðslur til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins (NFTF), fyrir kvikmynd og sjónvarpsverkefni.

Dæmi 1: Kvikmynd:

Dæmið byggir á raunverulegu verkefni en er einfaldað. Heildarframleiðslukostnaður er 280 m.kr. í samframleiðslu þriggja landa þar sem aðalframleiðandi er íslenskur. Styrkveiting Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er 25 m.kr. sem skiptist í fjármögnun milli Norrænna samframleiðslulanda í kostnaðar- og fjármögnunaráætlun.

Kvikmynd - dæmi	fjárhæðir í m. ISK			
	Ísland	Norðurland 1	Norðurland 2	Samtals
Kostnaðaráætlun (budget)	230	25	25	280
	82%	9%	9%	100%
Styrkir				
Kvikmyndasjóður hvers lands	120	15	10	145
Endurgreiðslur	40			40
NFTF (hlutdeild)	20,5	2,25	2,25	25
Héraðssjóðir			8,0	8
Evrópusjóður (Eurimage, Creative Europe, Media)				0
Forsala sýningarréttar - heimamarkaður				
Forsala sjónvarp MG	7	2	0,5	9,5
Forsala Bið MG	6	0,75	1,75	8,5
Sala - utan Norðurlanda				
Forsala - restin af heiminum	4			4
Fjárfesting framleiðenda - frestun gjalda				
Framleiðandi	23,5	3	2,5	29
Aðrir	9	2		11
Samtals fjármögnun	230	25	25	280
Hagnaðarmörk				
Eigin fjárfesting				40
viðbætt 35%				14
Break - even point				54
Styrklutfall - til endurheimtar				
Kostnaðaráætlun - frádregin eigin fjárfesting og utan N.landa				236
Hlutfallstala styrkfjár NFTF til innheimtu				10,59%

Dæmi 2. Sjónvarpsverkefni:

Dæmið byggir á raunverulegu verkefni en er einfaldað. Verkefnið er í samframleiðslu milli landa þó að það sé ekki aðgreint sérstaklega. Sjónvarpsstöð á heimamarkaði leggur bæði til kaup á sýningarrétti og framleiðendaframlag. Heildarframleiðslukostnaður nemur 700 m.kr. og styrkur Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er 35 m.kr. Sala til Norrænna sjónvarpsstöðva (Nordic12) og hluti sölu sjónvarps á heimamarkaði eru talin meðframleiðsluframlög. Styrkþega samkvæmt þessu er því heimilt að innheimta 145 m.kr. í tekjur áður en til endurheimtar kemur sem er jafnt forsamþykkttri eiginfjármögnun.

Sjónvarp - dæmi	fjárhæðir í m. ISK
	Heild
Kostnaðaráætlun (budget)	700
Styrkir	
Kvikmyndasjóður hvers lands	55
Endurgreiðslur	160
NFTF	35
Evrópusjóður (Eurimage, Creative Europe, Media)	70
Sýningarréttur sjónvarp	
Sjónvarp - sýningarréttur Ísl.	40
Sýningarréttur sjónvarp - Nordic12	90
Sala - utan Norðurlanda	
Sýningarréttur sjónvarp - utan Nordic	105
Fjárfesting framleiðenda - eigið framlag	
Aðalframleiðandi - eigið framlag - og frestun	70
Meðframleiðandi framlag - sjónvarpsstöð	60
Meðframleiðandi framlag	10
Frestun á búnaði ofl.	5
Samtals fjármögnun	700
Hagnaðarmörk	
"Break - even" point - eigin fjárfesting	145
Styrklutfall - til endurheimtar	
Kostnaðaráætlun	700
Fráðregin eigin fjárfesting	-145
Fráðregið framlag utan Norðurlanda	-175
Hlutfall stala styrkfjár NFTF af fjármögnun - til innheimtu	9,2%

Árið 2018 voru heildartekjur Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins um 113 m. NOK og þar af voru endurgreiðslur tæpar 5 m. NOK. Ef tekið er mið af styrkveitingum sjóðsins sama ár þá námu þær um 105 m. NOK og endurgreiðslurnar því um 4,8% af tekjum sem ráðstafað var til styrkveitinga. Árið 2020 voru heildartekjur sjóðsins tæpar 125 m. NOK en endurgreiðslur aðeins um 2,7 m. NOK og höfðu þá meira en tvöfaldast frá árinu 2019. Þetta bendir til þess að endurgreiðslur geta verið mjög mismunandi milli ára og því erfitt að áætla hverjar endurgreiðslur til Kvikmyndasjóðs gætu orðið. Ef endurgreiðslur skv. frumvarpinu koma til framkvæmda má væntanlega gera ráð fyrir sambærilegu endurgreiðsluhlutfalli eða lægra sökum þess að markaður fyrir íslenskar kvikmyndir er að jafnaði smærri en fyrir myndir frá hinum Norðurlöndunum. Til að fylgjast með árangri verður fylgst með hlutfalli endurgreiðslu af styrkveitingum á nánar tilteknu tímabili.

Í kvikmyndastefnunni falla styrkir til leikinna sjónvarpsþáttaraða undir „Markmið I“. Markmiðið miðar að því að stuðla að fjölbreyttri kvikmyndamenningu sem styrkir sjálfsmynd þjóðarinnar og eflir íslenska tungu. Í stefnunni er bent á að kvikmyndagerð hafi mikilvægu menningarlegu og samfélagslegu hlutverki að gegna. Í markmiðinu er farið ítarlega yfir þær

aðstæður sem standa undir auðugri kvikmyndamenningu. Þar má nefna fjölbreytta kvikmyndaframleiðslu, aðsókn í kvikmyndahús, kvikmyndamarkaði, sjónvarpsstöðvar og kvikmyndamenntun. Almennungur sækist eftir vönduðu staðbundnu efni og með nýjum efnisveitum og miðlum skapast nýjar aðferðir til miðlunar. Því var það niðurstaða verkefnahóps að stuðningskerfi kvikmyndagerðar þyrfti að þróast til að nýta nýja miðla og aðferðir sem best. Til að íslensk kvikmyndagerð geti staðið jafnfætis við erlenda framleiðslu þarf að búa íslenskri kvikmyndagerð góð vaxtarskilyrði. Í viðauka I við kvikmyndastefnu er bent á að mikilvægt sé að svara aukinni innlendri og alþjóðlegri eftirspurn eftir fjölbreyttu sjónvarpsefni, ekki síst sjónvarpsþáttaröðum. Tillögum í frumvarpinu er ætlað að stuðla að því markmiði að styðja við framleiðslu leikinna sjónvarpsþáttaraða og annarra vandaðra kvikmynda enda renni hugsanlegar endurgreiðslur í Kvikmyndasjóð og þar með fæst aukið fjármagn til kvikmyndagerðar.

Um 4. gr.

Lagt er til að við 9. gr. verði bætt við málsgrein um að heimilt sé að endurskipa forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands að hámarki einu sinni til fimm ára. Það er í samræmi við skipunartíma forstöðumanna annarra opinberra stofnana á sviði lista, til dæmis skipun forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Þjóðleikhússtjóra og safnstjóra Listasafns Íslands.

Um 5. gr.

Gerð er tillaga um breytingar á 11. gr. laganna um gjaldskrárheimildir Kvikmyndasafns í þeim tilgangi að uppfæra þær með tilliti til þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa á síðastliðnum árum.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna og um starfsemi Kvikmyndasjóðs, þar á meðal um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr sjóðnum.

Þá er lagt til að Kvikmyndamiðstöð Íslands setji reglur um skilmála og endurgreiðslur skv. 4. mgr. 6. gr., sem ráðherra staðfestir. Í þeim verða meðal annars nánari ákvæði um skilmála og endurgreiðslur, t.d. um hlutfall endurgreiðslu og hvenær endurgreiðslur skuli hefjast.

Þá er gerð tillaga um að ákvæði í 13. gr. laganna sem kveður á um að í reglugerð skuli tilgreina meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar verði felld niður. Í stað þess verði í reglugerð sett ákvæði um að um skiptingu fjárveitinga til Kvikmyndasjóðs skuli kveðið á um í stefnumiðaðri áætlun Kvikmyndamiðstöðvar, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2015, að höfðu samráði við kvikmyndaráð. Í tilvitnaðri grein laga um opinber fjármál nr. 123/2015 segir meðal annars að ríkisaðilar skuli á hverju ári móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir að minnsta kosti næstu þrjú ár. Í stefnunni skuli meðal annars greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til áætlaðra fjárveitinga. Þá skuli gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðin ár. Að lokum segir að stefnumótun ríkisaðila skuli staðfest af hlutaðeigandi ráðherra og skal hann gæta þess að markmið og áherslur séu í samræmi við gildandi stefnu fyrir það málefnasvið sem við á.

Árið 2016 gerðu mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra og Félag kvikmyndagerðarmanna með sér samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og það gildi til ársloka 2019. Með þeim breytingum sem orðið hafa á lögum um opinber fjármál er talið að það sé frekar í anda þeirra laga að hlutfallsleg skipting styrkja milli mismunandi gerða kvikmynda verði ákveðin í stefnumiðaðri áætlun Kvikmyndamiðstöðvar heldur en í reglugerð eða sérstöku samkomulagi stjórnvalda og hagsmunaaðila. Stefnumiðuð áætlun Kvikmyndamiðstöðvar kallast á við fjárlög og fjármálaáætlun hverju sinni auk þess að henni er ætlað að framfylgja markmiðum og áherslum viðkomandi málaflokks og málefnasviðs.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.